

40. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 8. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fyrri reglugerð fyrir lendingarbótasvæðið á Sveins-eyri við Tálknafjörð frá 29. apríl 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir lendingarsvæðið Örlygshöfn
við Patreksfjörð, nr. 72 4. maí 1956.**

1. gr.

Öll gjöld til hafnarinnar samkvæmt reglugerðinni hækka um 150%.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend strandferðaskip greiði hálf gjald samkvæmt 1. mgr.

3. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.